

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um vistun á viðeigandi hæli.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

- Hversu oft undanfarin tíu ár hafa dómstólar ákveðið að sakborningum verði komið fyrir á viðeigandi hæli, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940? Svar óskast sundurliðað eftir árum og ákvörðunarástæðum.
- Felst heimild til lækni meðferðar, þ.m.t. án samþykkis viðkomandi, í heimild sömu greinar um vistun á viðeigandi hæli?

Skriflegt svar óskast.